

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2236/97

frá 10. nóvember 1997

um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og (EBE) nr. 418/85 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og um rannsóknir og þróun hins vegar(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Gildistími reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85 ⁽³⁾ og (EBE) nr. 418/85 ⁽⁴⁾, eins og þeim var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og um rannsóknir og þróun hins vegar, rennur út 31. desember 1997.

Framkvæmdastjórnin er að láta gera könnun með það í huga að benda á hvaða vandamálum fyrirtæki, sem eiga hagsmuna að gæta, hafa staðið frammi fyrir við beitingu framangreindra reglugerða. Rétt er að rannsaka í þessu samhengi alla lagalega, efnahagslega og stjórnmálalega þætti sem hafa áhrif á samkeppni milli fyrirtækja sem starfa á sama markaði.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

Rétt er að gera ráð fyrir nægum tíma til að ljúka vinnu við könnunina, meta niðurstöður hennar og draga ályktanir sem geta nýst við setningu reglna á þessu sviði í framtíðinni.

Ekki verður unnt að ljúka þessari vinnu tímanlega til að hægt sé að samþykkja og birta nýja reglugerð fyrir 31. desember 1997.

Til að tryggja réttaröryggi fyrirtækja er rétt að breyta reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og (EBE) nr. 418/85 með því að framlengja gildistíma þeirra. Rétt er að takmarka gildistíma þeirra við 31. desember 2000.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Í 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 417/85 komi dagsetningin „31. desember 2000“ í stað „31. desember 1997“.

2. gr.

Í 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 418/85 komi dagsetningin „31. desember 2000“ í stað „31. desember 1997“.

3. gr.Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/97 frá 2. febrúar 1998 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 285, 29. 12. 1971, bls. 46.

(2) Stjttíð. EB nr. C 190, 21. 6. 1997, bls. 3.

(3) Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 5.